

bændurnir fundu hann svo oft þar í rökkrunu, að þeir nefndu bugðuna eftir honum.

En að þessum þremur árum liðnum lék Margrét illa á hann: hún giftist alt. í einu öðrum. Vilhjálmur bar sig mjög karlmannlega, sagði að eins, að eftir því sem hann þekkti kvenfólk bezt, hefði hann farið hyggilega að ráði sínu, að giftast henni ekki fyrir þremur árum. Hún auðsjáanlega vissi ekki hvað hún vildi, og, þrátt fyrir það þó hún hefði stillilega framkomu, væri hún eins óstöðug og svikul og hinar. Hann sagðist hafa ástæðu til að vera ánægður yfir því að hafa sloppið, og að hér eftir mundi hann hafa meira álit á hyggindum sínum. En inni fyrir þótti honum slæmt að svona hafði farið og var töluvert stúrinna í nokkrar vikur; vinnupiltar hans undruðust yfir því, að hann varð magrari en hann átti vanda til.

Eitthvað ári eftir að Margrét gifti sig, vaknaði Vilhjálmur seint um nótt eina við hófaskelli á veginum og að hart var barið á gistihússdyrnar. Hann opnaði gluggann og sá dreng á hestbaki, sem hafði annan hest í taumi. Drengurinn bað hann að koma með sér og flýta sér; Margrét lægi fyrir dauðanum og hefði sent sig eftir honum. Vilhjálmur var lélegur reiðmaður og sóttist leiðin svo illa að veslings konan var að fram komin, þegar hann kom. En þau töluðu saman fáar mínútur svo engir heyrðu, og hann var við og grét beisklega þegar hún dó.

DAUÐINN.

Ár eftir ár leið, með uppbotum og gauragangi í borgunum niðri á sléttunni; uppreistir brutust út og voru bældar niður með blóðsúthellingum, orustur voru háðar hér og þar; þolinmóðir stjörnufræðingar sátu í turnum sínum, fundu og nefndu nýjar stjórnur; leikir voru sýndir í uppljómuðum leikhúsum og sjúkt fólk var borið í sjúkrahúsin — alt þetta vanalega strit og æsing mannlífsins í stórum borgum. Uppi í dalnum hans Vilhjálms var ekkert nema veðurbreytingarnar til að skifta tímanum; fiskarnir héldu sér kyrrum í straumnum og fuglarnir svifu uppi yfir, það heyrðist þytur í toppum furutrjáanna í stjörnuhirtunni, og yfir öllu stóðu háu hæðirnar. Vilhjálmur gekk rólegur um,